# Colour Test Indoor

## Litaprufa inni




### Efnislýsing

Colour Test er vatnsþynnanleg málning í 0,5 lítra dósum, sérstaklega framleidd fyrir litaprufur innanhúss. Gott er að prófa liti í réttu samhengi áður en heilir veggir eru málaðir því litir koma ekki nákvæmlega eins út alls staðar. Margt í umhverfinu hefur áhrif á yfirbragð lita, t.d. birta og lýsing, gólfefni, innbú og stærð rýma.

Notið litaprufuna einungis á veggi, loft og þess háttar fleti, ekki á húsgögn og innréttingar. Í þannig aðstæðum er best að mála prufuna á striga eða pappa og bera upp að fletinum sem mála á. Litaprufur búa ekki yfir sama styrk og gæðum og veggjamálning og eru því ekki hentugar sem endanlegt yfirborð.

### Meðhöndlun

1. Undirlagið skal vera hreint og þurrt. Óhreina og málaða fleti skal þvo með Original Målartvätt og vatni áður en þeir eru málaðir. Pússið slétta fleti matta áður en málað er.
2. Grunnið fleti þar sem við á, t.d. beran við og spartl.
3. Réttum litstyrk er náð með 1-2 umferðum af málningu.

### Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss
**Tegund:** PVA/Akrýl þeyta
**Gljástig:** 7%
**Snertiþurr:** Við 23°C/50% raka, 1 klst
**Yfirmálun:** Við 23°C/50% raka, 2 klst
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Vatn
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, sprauta
**Þekja:** 6-8 $m^2$/l
**Litur:** BW og BC
**Umbúðir:** 0,5 lítra dósir
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC (fl. A/a) 30 g/l.): Inniheldur mest 1 g/l. Gildir um hvítan lit, fyrir aðra liti geta tölugildin verið aðeins breytileg.

**Umhverfi**
Nordsjö Colour Test uppfyllir staðla Svansins. Sjá nánari upplýsingar á www.svanen.se. Sænsku astma- og ofnæmissamtökin mæla með Nordsjö Colour Test, en meðmælin gilda 2 vikum frá málun.

Síðast endurskoðað í febrúar 2025